

Alþingi
Brindi nr. D 130/814
Lomudagur 21.1.2004

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT



NEYTENDASAMTÖKIN

fyrir þig í

SÍÐUMÚLA 13
108 REYKJAVÍK
SÍMI 545 1200
TELEFAX 545 1212
ns@ns.is
PÓSTHÓLF 8160
128 REYKJAVÍK


Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík 20. janúar 2004

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjóntækjafræðinga, 340. mál, sjónmælingar og sala tækja.

Neytendasamtökin styðja þær breytingar sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir, það er að sjóntækjafræðingar sem hafa til þess menntun, geti við ákveðin skilyrði mælt sjón vegna kaupa á gleraugum og snertilinum. Neytendasamtökin telja hins vegar að með samþykkt frumvarpsins sé ráðherra gefið óeðlilega mikið vald, þar sem “ráðherra getur í reglugerð heimilað sjóntækjafræðingum, sem uppfylla nánar tilgreind menntunarskilyrði, að mæla sjón og fullvinna gleraugu og snertilinsur fyrir nánar tilgreinda hópa” (undirstrikun og feitletrun Neytendasamtakanna). Þetta þýðir í raun að það er ráðherra en ekki löggjafarvaldsins að ákveða hvort sjóntækjafræðingar öðlist þennan rétt. Það er skoðun Neytendasamtakanna að alþingismenn eigi að taka þessa ákvörðun en ekki ráðherra. Jafnframt þarf að kveða á um í lögnum að ráðherra skuli í reglugerð tryggja góða neytendavernd og sem skiptir miklu í þessu máli.

Virðingarfyllt
f.h. Neytendasamtakanna


Jóhannes Gunnarsson formaður